

Efnahags-, félags- og menningarréttindanefnd

Lokaathugasemdir við 5. reglubundnu skýrslu Íslands *

1. Nefndin fjallaði um 5. reglubundnu skýrslu Íslands (E/C.12/ISL/5) á 31. og 32. fundi nefndarinnar (sjá E/C.12/2024/SR.31 og 32), sem haldnir voru 9. og 10. september 2024, og samþykkti neðangreindar lokaathugasemdir sínar á 59. fundi sínum, sem haldinn var 27. september 2024.

A. Inngangur

2. Nefndin fagnar því að lögð hefur verið fram 5. reglubundin skýrsla aðildarríkisins ásamt þeim viðbótarupplýsingum sem veittar voru í svörunum við listann með ábendingunum.¹ Nefndin lýsir ánægju með uppbyggileg skoðanaskipti sín við sendinefnd aðildarríkisins.

B. Jákvæðir þættir

3. Nefndin fagnar þeim lagalegu, stofnanalegu og stefnutengdu ráðstöfunum sem gerðar voru til að auka vernd efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda í aðildarríkinu, s.s. aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025; samþykkt laga nr. 144/2020 um fæðingar- og foreldraorlof, þar sem fæðingarorlof var lengt í 12 mánuði; samþykkt laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir; breytingunni á hjúskaparlögunum, nr. 31/1993, þar sem numin var úr gildi undanþága um hjónaband fólks undir 18 ára aldri; stofnsetningu sjálfstæðrar innlendrar mannréttindastofnunar með víðtækt umboð tengt mannréttindum; samþættingu kynjasjónarmiða inn í hagstjórn þess, einkum við gerð fjárlaga; og þeim ráðstöfunum sem um getur í þessum lokaathugasemdum.

C. Megináhyggjuefni og tilmæli

Landsbundin beiting sammingsins

4. Þó að nefndin veiti því athygli að stjórnarskrá aðildarríkisins og tiltekin ákvæði löggjafar þess fjalla um sumar hliðar efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda lýsir hún áhyggjum yfir því að samningurinn hefur ekki verið tekinn upp í innlent réttarkerfi aðildarríkisins og því geta innlendir dómstólar ekki beitt honum með beinum hætti, sem getur takmarkað aðgang að skilvirkum lagalegum úrræðum í tengslum við brot gegn þeim réttindum sem samningurinn veitir. Enn fremur þykir nefndinni það miður að aðildarríkið virðist enn vera tregt til að fullgilda valfrjálsu bókunina við samninginn og þannig viðurkenna valdsvið nefndarinnar til að taka fyrir kærur einstaklinga.

* Samþykkt á 76. fundi nefndarinnar (9.–27. september 2024)

¹ E/C.12/ISL/RQ/5.

5. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið taki réttindin sem samningurinn veitir að fullu inn í innlent réttarkerfi sitt og tryggi að fórnarlömb brota gegn efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum hafi fullan aðgang að skilvirkum lagalegum úrræðum. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið endurskoði afstöðu sína og færi sig í áttina að því að fullgilda valfrjálsu bókunina við alþjóðasamninginn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Í tengslum við þetta vekur nefndin athygli aðildarríkisins á almennum athugasemdum sínum nr. 9 (1998) um beitingu sammingsins innanlands.

Innlend mannréttindastofnun

6. Nefndin lýsir yfir langvarandi áhyggjum sínum yfir því að í aðildarríkinu er ekki til staðar innlend mannréttindastofnun sem hefur viðtækt umboð á sviði mannréttinda, þ.m.t. efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda, í samræmi við Parísarviðmiðin. Í þessu samhengi fagnar nefndin nýlegri lagasetningu Alþingis til að koma á fót Mannréttindastofnun Íslands, innlendri mannréttindastofnun sem uppfyllir loforðið sem aðildarríkið gaf þegar haldið var upp á að 75. ár voru liðin frá útgáfu almennu mannréttindayfirlýsingarinnar.

7. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið veiti Mannréttindastofnun Íslands, sem áætlað er að hefji starfsemi sína 1. janúar 2025, raunverulegt, alhliða umboð til að vernda og efla öll mannréttindi, þ.m.t. efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið tryggi þessari stofnun fullnægjandi mannafla, tækni og fjármagn til að gera henni kleift að framfylgja umboði sínu að öllu leyti, í samræmi við meginreglurnar sem varða stöðu landsbundinna stofnana til eflingar og verndunar mannréttinda (Parísarviðmiðin). Hvað þetta varðar ítrekar nefndin almennar athugasemdir sínar nr. 10 (1998) um hlutverk innlendra mannréttindastofnana við vernd efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.

Viðskipti og mannréttindi

8. Nefndin fagnar þeim skrefum sem aðildarríkið hefur tekið í áttina að því að útbúa landsbundna aðgerðaáætlun um viðskipti og mannréttindi í samræmi við leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi. Hún viðurkennir einnig hlutverk innlenda tengiliðarins í aðildarríkinu með tilliti til framkvæmdar viðmiðunarreglna Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki um ábyrga viðskiptahætti. Nefndin hefur hins vegar áhyggjur af því að ekki eru fyrir hendi lagalegar skuldbindingar um að fyrirtæki innan lögsögu aðildarríkisins framkvæmi áreiðanleikakönnun á sviði mannréttinda.

9. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Hraði viðleitni sinni í áttina að því að samþykkja landsáætlun um viðskipti og mannréttindi samhliða því að tryggja að allir hagsmunaaðilar komi að bæði mótnar- og framkvæmdarferlinu, þ.m.t. fulltrúar fyrirtækja, borgaralegra samtaka og samfélaga sem verða fyrir áhrifum,

(b) samþykki alhliða lagaramma þar sem þess er krafist að rekstraraðilar geri áreiðanleikakönnun á sviði mannréttinda í rekstri sínum og aðfangakeðjum,

(c) geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja ábyrgð rekstraraðila, sem stunda rekstur eða hafa lögheimili í aðildarríkinu, á brotum gegn efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum sem rekja má til starfsemi þeirra, bæði innanlands og erlendis, og til að tryggja að þolendur hafi aðgang að skilvirkum úrræðum,

(d) taki mið af almennum athugasemdum nefndarinnar nr. 24 (2017) um skyldur aðildarríkja samkvæmt samningnum í tengslum við atvinnustarfsemi, einkum með tilliti til innleiðingar skyldubundinnar áreiðanleikakönnunar á sviði mannréttinda.

Mótvægi við loftslagsbreytingar

10. Nefndin fagnar framlagi aðildarríkisins í Græna loftslagssjóðinn, uppfærðri aðgerðaáætlun þess í loftslagsmálum og áframhaldandi viðleitni þess til að uppfylla 2030-markmiðin um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir því að aðildarríkið heldur áfram að losa óhóflega hátt hlutfall koltvísýrings og nær því hugsanlega ekki að uppfylla landsákvörðað framlag sitt samkvæmt Parísarsamningnum.

11. **Nefndin mælist til þess að aðildarríkið auki viðleitni sína til að ná markmiðinu í landsákvörðuðu framlagi sínu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um að minnsta kosti 55% fyrir 2030, samanborið við losunina árið 1990, þ.m.t. með alþjóðlegri samvinnu.**

Spilling

12. Nefndin viðurkennir ramma aðildarríkisins um baráttu gegn spillingu og viðleitni tengda heilindum í opinberri stjórnsýslu, þ.m.t. lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara og lög nr. 64/2020 um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands. Hins vegar lýsir nefndin yfir áhyggjum yfir því að eins og stendur skortir aðildarríkið samræmda, landsbundna stefnu í baráttunni gegn spillingu, en það getur leitt til sundurslitinnar viðleitni við að taka á hættum gagnvart heilindum í mismunandi geirum og grafið undan skilvirkni ráðstafana gegn spillingu.

13. **Nefndin mælist til þess Ísland samþykki alhliða landsáætlun um baráttu gegn spillingu til að samþætta og styrkja það fyrirkomulag sem er fyrir hendi og tryggja þannig samræmda og skilvirka nálgun við að draga úr hættu á spillingu innan allra stofnana í opinbera geiranum.**

Gagnasöfnun

14. Nefndin hefur áhyggjur af skortinum á ítarlegum kyngreindum gögnum um innflytjendur í aðildarríkinu, sem getur hindrað nákvæmt mat á því hvort þeir njóti efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.

15. **Nefndin mælist til þess að aðildarríkið bæti gagnaöflunarkerfi sitt til að safna ítarlegum kyngreindum gögnum um innflytjendur og geri það aðgengilegt, með það fyrir augum að meta hvort þeir njóti réttinda sinna samkvæmt samningnum og þróa skilvirkar, markvissar opinberar stefnur. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið taki tillit til hugtaka- og aðferðafræðilega rammans um mannréttindavísa sem Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna þróaði.**

Bann við mismunun

16. Nefndin fagnar því að aðildarríkið hefur samþykkt víðtæka löggjöf um bann við mismunun, einkum lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hins vegar hefur nefndin áhyggjur af umtalsverðum skorti á almenningsvitund um þessa löggjöf og þau úrræði sem þolendum standa til boða, þ.m.t. málsmeðferðarreglur um framlagningu kvartana til kærunefndar jafnréttismála (2. mgr. 2. gr.).

17. **Nefndin mælist til þess að aðildarríkið geri skilvirkar ráðstafanir til að auka vitund almennings um löggjöf sína gegn mismunun, einkum meðal hópa sem standa höllum fæti og jaðarhópa og tryggi að þeir séu upplýstir um þau úrræði sem þolendum standa til boða, þ.m.t. málsmeðferð hjá kærunefnd jafnréttismála.**

Hælisleitendur

18. Nefndi lýsir áhyggjum yfir því að nýleg breyting á 33. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga takmarkar aðgang hælisleitenda að réttindum á borð við mat, húsnæði, menntun og heilbrigðisþjónustu við 30 daga eftir endanlega synjun umsóknar þeirra um alþjóðlega vernd. Nefndin lýsir einkum áhyggjum, með tilliti til þess að það getur tekið marga mánuði áður en ákvörðunum um hæli er framfylgt, yfir því að einstaklingar sem bíða eftir

heimsendingu geta, með nokkrum undantekningum, ekki nálgast nauðsynlega þjónustu, þ.m.t. heilbrigðisþjónustu og húsnæði (2. mgr. 2. gr.).

19. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið breyti 33. gr. laga nr. 80/2016 um útlendinga til að tryggja að allir hælisleitendur sem hefur verið synjað um alþjóðlega vernd haldi áfram að njóta efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda, þ.m.t. aðgangs að mat, viðunandi húsnæði, heilbrigðisþjónustu og menntun, yfir allt tímabilið á meðan þeir bíða eftir heimsendingu, umfram 30-daga tímabilið.

Jafnrétti á milli karla og kvenna

20. Nefndin lýsir ánægju sinni með raunverulega viðleitni aðildarríkisins til að útrýma kynbundnum launamun, þ.m.t. innleiðingu jafnlaunavottunar. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir því að þrátt fyrir þessa viðleitni er kynbundinn launamunur enn til staðar, einkum vegna áframhaldandi lóðréttar og láréttar kynjaskiptingar milli starfa á vinnumarkaði, sem og því að herra hlutfall kvenna en karla vinnur hlutastörf (3. og 7. gr.).

21. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Auki viðleitni sína til að tryggja jöfn tækifæri karla og kvenna til að sækjast eftir óhefðbundnum námsgreinum og störfum, þ.m.t. með því að berjast gegn kynbundnum staðalímyndum,

(b) greiði fyrir starfi stýrihópsins um virðismat starfa í þágu launajafnréttis.

(c) endurskoði félagsmála- og skattastefnur til að milda áhrif þátta sem draga úr vilja kvenna til að sækjast eftir fullu starfi, einkum að tryggja framboð og aðgengi að viðunandi dagvistun barna og stuðningsþjónustu um land allt,

(d) taki tillit til almennra athugasemda nr. 16 (2005) um jafnan rétt karla og kvenna til að njóta allra efnahagslegra, félagslegra og menningarlegra réttinda.

Réttur til vinnu

22. Nefndin lýsir áhyggjum yfir því að atvinnuleysishlutfall meðal innflytjenda er umtalsvert hærra en meðal Íslendinga og að aðfluttir einstaklingar eru líklegri til að vinna lágláunastörf og störf sem krefjast lítillar færni, sem samsvara ekki menntun þeirra og hæfi og takmarkast oft við geira með miklum óstöðugleika og verða þar með fyrir hlutfallslega óhóflegum áhrifum af efnahagsáfallum. Nefndin lýsir einnig, að því er þetta varðar, áhyggjum yfir þeim erfiðleikum sem innflytjendur standa frammi fyrir varðandi aðgang að tungumálþjálfun og að ná þeirri tungumálhæfni sem er nauðsynleg til að ná frama í starfi á vinnumarkaði (6. gr.).

23. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið styrki atvinnustefnu sína til að taka á grundvallarástæðum atvinnuleysis, einkum meðal innflytjenda, og einfaldi ferla við viðurkenningu á hæfi og tryggi samhliða því að innflytjendur hafi aðgang að upplýsingum og stuðningi við að öðlast slíka viðurkenningu. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið eigi samstarf við aðila vinnumarkaðsins til að auka viðleitni til að bjóða upp á hágæða þjálfun í íslensku máli fyrir innflytjendur, á viðráðanlegu verði, sem er sveigjanleg og aðgengileg, samhliða möguleikum til starfsþjálfunar. Með tilliti til þessa vísar nefndin til almennra athugasemda sinna nr. 18 (2005) um réttinn til vinnu.

24. Nefndin lýsir áhyggjum yfir því að einstaklingar með fötlun standa frammi fyrir umtalsverðum hindrunum gagnvart aðgengi að vinnu, einkum vegna takmarkaðra tækifæra sem þeim bjóðast á vinnumarkaði (6. gr.).

25. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auka atvinnutækifæri fyrir fatlað fólk, þ.m.t. með því að bjóða vinnuveitendum upp á skilvirka hvata til að ráða fatlað fólk til starfa og veita þeim stuðning þegar þörf er á við að bjóða upp á að komið sé hæfilega til móts við það. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið framkvæmi mat á áhrifum COVID-19-heimsfaraldursins og aukinnar notkunar á gervigreind á vinnumarkaðnum, þar sem athygli er sérstaklega beint að

áhrifum á atvinnu fyrir fatlað fólk , og innleiði ráðstafanir til að milda öll neikvæð áhrif og hvetja til inngildingar meðal vinnandi fólks.

26. Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir vaxandi áskorunum sem atvinnulausir einstaklingar eldri en 50 ára standa frammi fyrir við endurkomu á vinnumarkaðinn (6. gr.).

27. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið meti hindranir gagnvart ráðningum einstaklinga yfir fimmtugu og komi í framkvæmd ráðstöfunum til að koma í veg fyrir mismunun á grundvelli aldurs í ráðningum og störfum.

Réttur til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða

28. Nefndin hefur enn þá áhyggjur af því að aðildarríkið hafi enn ekki komið á landsbundnum lágmarkslaunum þrátt fyrir að hún hafi viðurkennt víðtæki almennra kjarasamninga (7. gr.).

29. Nefndin mælir með því, með vísan til fyrri lokaathugasemda sinna², að aðildarríkið geri löggjafarráðstafanir og aðrar ráðstafanir til að innleiða landsbundin lágmarkslaun og til að tryggja að þau séu endurskoðuð reglulega og höfð nægilega há til að veita öllum launþegum og fjölskyldum þeirra viðunandi lífskjör.

30. Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að samkvæmt d-lið 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar hefur erlent launafólk með tímabundið atvinnuleyfi sem vinnur í aðildarríkinu ekki rétt til atvinnuleysisbóta. Nefndin ítrekar einnig áhyggjur sína yfir því að aðildarríkið heldur áfram að veita tímabundin atvinnuleyfi sem eru bundin við tiltekna vinnuveitendur, sem getur dregið úr vilja launafólks til að tilkynna um brot gegn vinnulöggjöfinni eða hætta í vinnu þar sem misneyting á sér stað af ótta við að atvinnuleyfi þess verði afturkallað eða ekki endurnýjað (7. gr.).

31. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið breyti d-lið 13. gr. laga nr. 54/2006 um atvinnuleysisstryggingar til að réttur til atvinnuleysisbóta nái til erlends launafólks með tímabundin atvinnuleyfi, missi það vinnuna. Nefndin mælist til þess, með vísan til fyrri lokaathugasemda sinna³, að aðildarríkið geri ráðstafanir til að tryggja að tímabundin atvinnuleyfi séu gefin út fyrir tiltekna tegund vinnu/launaðrar starfsemi og í tiltekinn tíma, frekar en fyrir tiltekinn vinnuveitanda.

32. Nefndin lýsir ánægju sinni með viðleitni aðildarríkisins til að berjast gegn mansali, s.s. breytingunni á almennu hegningarlögum þar sem fleiri afbrigði mansals eru gerð refsiverð, þ.m.t. nauðungarhjónabönd og nauðungarvinna. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum sínum yfir því að skortur á skilgreiningu og sérstakri refsingu vegna nauðungarvinnu sem er aðskilin frá mansali hefur, að því er virðist, leitt til þess að of lítið er um að tilvik séu tilkynnt og það vantar upp á saksókn í sumum málum (7. gr.).

33. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið endurskoði löggjöf sína og ihugi að fastsetja skilgreiningu á nauðungarvinnu og að hún verði aðskilið brot með minni sönnunarbyrði en mansalsbrot. Hún mælist einnig til skjótrar rannsóknar, saksóknar og viðunandi dóms yfir þeim sem bera ábyrgð á mansali.

Réttindi meðlima stéttarfélaga

34. Nefndin lýsir áhyggjum sínum yfir því að í almennum kjarasamningum eru forgangsákvæði sem, þó að þau hafi þann tilgang að hvetja til stéttarfélagsaðildar, geta valdið því að það hallar mikið á launafólk á launamarkaði sem stendur utan stéttarfélaga samanborið við launafólk sem er í stéttarfélögum sem hafa samið um þessi ákvæði (8. gr.).

35. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið endurskoði beitingu forgangsákvæða í almennum kjarasamningum til að tryggja að þau hindri ekki jafnan aðgang að atvinnutækifærum fyrir allt launafólk, sama hver stéttarfélagsstaða þess er.

² E/C.12/ISL/CO/4, 11. mgr.

³ E/C.12/ISL/CO/4, 10. mgr.

Réttur til félagslegs öryggis

36. Nefndin fagnar því hversu viðtækt félagslega kerfið er í aðildarríkinu. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir kröfunni í 16. gr.⁴ almannatryggingalaganna þar sem mælt er fyrir um að það þurfi minnst 40 ára búsetu á aldurs skeiðinu milli 16 og 67 ára til að ávinna sér full réttindi til ellilífeyris. Þó að nefndin veiti athygli þeim upplýsingum, sem aðildarríkið lagði fram í viðræðunum, um að tekið verði á þessu áhyggjuefni í nýlega samþykktri löggjöf, þá lýsir hún áhyggjum yfir því að löggjöfin mun ekki taka gildi fyrir en í september 2025, og á meðan hallar á þá einstaklinga sem þetta hefur áhrif á (9. gr.).

37. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið tryggi skilvirka framkvæmd löggjafarinnar sem taka á gildi í september 2025, sem muni tryggja að einstaklingar sem hafa haft búsetu í aðildarríkinu í innan við 40 ár hafi rétt á fullum ellilífeyri. Nefndin mælist enn fremur til þess að aðildarríkið samþykki í millitíðinni ráðstafanir til að fyrirbyggja að einstaklingar sem þetta hefur áhrif á standi höllum fæti þar til lögin taka gildi. Hún bendir aðildarríkinu einnig á almennar athugasemdir sínar nr. 19 (2007) um rétt til félagslegs öryggis.

Vernd fjölskyldna og barna

38. Nefndin lýsir ánægju sinni með ýmsar ráðstafanir sem aðildarríkið hefur gert til að koma í veg fyrir og taka á kynbundnu ofbeldi gegn konum, breytinguna á lögum um heilbrigðisstarfsfólk varðandi tilkynningar um heimilisofbeldi og samþykki aðgerðaáætlunarinnar um meðferð kynferðisbrota á árunum 2023–2025. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir því að aðrar birtingarmyndir kynbundins ofbeldis gegn konum, þ.m.t. kynferðis- og heimilisofbeldi, eru enn aðkallandi vandamál í aðildarríkinu. Einkum hefur nefndin áhyggjur af frásögnum af því að þolendur kynbundins ofbeldis standi frammi fyrir umtalsverðum áskorunum innan réttarkerfisins, þ.m.t. háu hlutfalli refsímála sem ríkissaksóknari lætur niður falla og lágu hlutfalli sakfellinga, óhóflegum tíma sem málarekstur tekur og því að breytingin á lagalegu skilgreiningunni á nauðgun til að byggjast á samþykki hefur ekki skilað sér í dómum í nauðgunarmálum (10. gr.).

39. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) **Auki viðleitni til að tryggja að öll tilkynnt tilvik um kynbundið ofbeldi gegn konum, þ.m.t. kynferðis- og heimilisofbeldi, séu umsvifalaust rannsökuð, lögð fram ákæra í þeim og að gerendur séu látnir svara til saka með refsingum sem eru í réttu hlutfalli við brot þeirra,**

(b) **geri ráðstafanir til að draga úr þeim óhóflega langa tíma sem málarekstur tekur og tryggja þannig tímanlegt réttlæti fyrir þolendur,**

(c) **styrki stuðningsþjónustu fyrir alla þolendur, þ.m.t. lögfræðiaðstoð og sálfræðiráðgjöf,**

(d) **auki þjálfun dómara, saksóknara og löggæslufólks um lagalegu skilgreininguna á nauðgun sem byggist á samþykki til að tryggja að henni sé beitt að fullu og að hún endurspeglar í dómum,**

(e) **taki tillit til tilmæla nefndarinnar um afnám misréttis gegn konum í tengslum við 9. reglubundnu skýrslu aðildarríkisins.⁵**

40. Nefndin fagnar breytingunum á lögum um meðferð sakamála sem hafa þann tilgang að bæta aðstæður fólks með fötlun innan refsivörslukerfisins. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir því að fólk með fötlun býr enn við mikla hættu á að verða fyrir ofbeldi á heimili sínu eða öðrum stöðum. Nefndin lýsir einnig áhyggjum yfir því að fjöldi sakfellinga í málum sem varða ofbeldi gegn fólki með fötlun er enn þá hlutfallslega allt of lítill (10. gr.).

41. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið geri alhliða ráðstafanir til að koma í veg fyrir og taka á tilvikum ofbeldis gegn fötluðu fólki á öllum stöðum og auki viðleitni til að rannsaka og ákæra í slíkum málum á skilvirkan hátt.

⁴ Í upphaflegri útgáfu af lokaathugasemdunum er fyrir mistök vísað í 17. gr.

⁵ CEDAW/C/ISL/CO/9, 26. mgr.

Fátækt

42. Þó að nefndin viðurkenni að hlutfall fátækta í aðildarríkinu sé tiltölulega lágt lýsir hún áhyggjum yfir því að sumt fólk í aðildarríkinu upplifir enn þá fátækt og skort á efnislegum gæðum, þá einkum fólk með fötlun, einstæðir foreldrar og innflytjendur (9. og 11. gr.).

43. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið efli viðleitni sína til að berjast gegn fátækt og tryggji að áætlanir á þessu sviði séu framkvæmdar með mannréttindamiðaðri nálgun og að tilhlýðilegri athygli sé beint að þeim hópum sem eru í mestri hættu á að upplifa fátækt, þ.m.t. fólk með fötlun, einstæðum foreldrum og innflytjendum. Einkum mælist nefndin til þess að aðildarríkið efli viðleitni til að hækka ellilífeyri, atvinnuleysis- og örorkubætur til að tryggja öllum viðtakendum viðunandi lífskjör. Með tilliti til þessa mælist nefndin til þess að aðildarríkið skoði yfirlýsingu frá 2001 um fátækt og samninginn⁶ og yfirlýsingu frá 2015 um félagslega lágmarksvernd sem ómissandi þátt réttarins til félagslegs öryggis og heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun.⁷

Réttur til viðunandi húsnæðis

44. Nefndin viðurkennir viðleitni aðildarríkisins til að taka á húsnæðiskrísunni, þ.m.t. húsnæðisstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028. Hún viðurkennir það sérstaka vandamál sem aðildarríkið stendur frammi fyrir vegna nýlegra eldsumbrota sem hafa valdið því að hluti íbúanna hefur flosnað upp frá heimilum sínum. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir þrálátu bili milli framboðs á húsnæði og eftirspurnar eftir því og vaxandi kostnaðar vegna leiguhúsnæðis sem aðallega hefur áhrif á lágtekjuhópa, einkum innflytjendur. Nefndin lýsir einnig áhyggjum yfir ósamræmi í viðmiðunum um rétt hæfi til félagslegs húsnæðisstuðnings, sem eru breytilegar á milli sveitarfélaga (11. gr.).

45. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið efli ráðstafanir til að uppfylla húsnæðisþörf lágtekjufólks á skilvirkan hátt, einkum innflytjenda, þ.m.t. með því að auka framboð á húsnæði á viðráðanlegu verði og húsnæði fyrir lágtekjufólk og að bæta félagslegt húsnæði sem er þegar fyrir hendi. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið samræmi skilyrði fyrir rétt hæfi til félagslegs húsnæðis milli sveitarfélaga. Nefndin bendir aðildarríkinu einnig á almennar athugasemdir sínar nr. 4 (1991) um rétt til viðunandi húsnæðis.

Réttur til heilbrigðis

46. Nefndin lýsir ánægju sinni með þær ráðstafanir sem aðildarríkið hefur gert til að tryggja fulla framfylgd réttar allra til að njóta mestu mögulegra gæða líkamlegs og andlegs heilbrigðis. Hún lýsir þó áhyggjum af eftirfarandi:

- (a) Takmörkuðu framboði á legurýmum á sjúkrahúsum sem leiðir til langra biðtíma vegna valaðgerða,
- (b) löngum biðtímum eftir aðgangi að geðheilbrigðisþjónustu,
- (c) háu hlutfalli sjálfsvíga,
- (d) hækkanði hlutfalli ofþyngdar og offitu meðal unglinga og fullorðinna þrátt fyrir hátt hlutfall hreyfingar í aðildarríkinu (12. gr.).

47. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

- (a) Fjölggi legurýmum á sjúkrahúsum og efli gildandi ráðstafanir til að draga enn frekar úr biðtíma eftir valaðgerðum og tryggji þannig tímanlegri aðgang að nauðsynlegum lækningaaðgerðum,
- (b) auki framboð á geðheilbrigðisþjónustu og aðgengi að henni og efli þjónustu vegna fyrirbyggjandi og tímanlegra inngrípa,

⁶ E/C.12/2001/10.

⁷ E/C.12/2015/1.

(c) styrki ráðstafanir til að taka á og fjalla um grunnorsakir hás hlutfalls sjálfsvíga og veita einstaklingum og hópum sem eru í sjálfsvígshættu skilvirkar fyrirbyggjandi áætlanir og stuðningsþjónustu,

(d) styrki ráðstafanir til að draga úr offitu og yfirþyngd meðal unglunga og fullorðinna, þ.m.t. með því að stuðla að heilbrigðum lífsstíl og auka meðvitund almennings um næringu.

Stefna í fíkniefnamálum

48. Nefndin fagnar upplýsingunum, sem aðildarríkið lagði fram í viðræðunum, um að heilbrigðisráðuneytið hefði skipað vinnuhóp til að semja fyrstu stefnu aðildarríkisins um skaðaminnkun og koma með tillögu að meðfylgjandi aðgerðaáætlun. Hins vegar lýsir nefndin áhyggjum yfir því að aðildarríkið heldur áfram að refsa fólki fyrir að hafa undir höndum fíkniefni til eigin nota, sem getur komið í veg fyrir að fólk sem notar fíkniefni nýti sér skaðaminnkunaráætlanir og heilbrigðisþjónustu (12. gr.).

49. Nefndin mælir með því að aðildarríkið þróa skilvirka stefnu í fíkniefnamálum, þ.m.t. með því að íhuga að afnema refsingar við að hafa undir höndum fíkniefni til eigin nota. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið flýti fyrir þróun og framkvæmd skaðaminnkunarstefnu sinnar og meðfylgjandi aðgerðaáætlunar, undir forystu vinnuhóps heilbrigðisráðuneytisins.

Réttur til menntunar

50. Þó að nefndin sé ánægð með viðleitni aðildarríkisins til að stuðla að sanngjörnu menntakerfi, þ.m.t. með því að samþykkja menntastefnu til ársins 2030, hefur hún enn áhyggjur af hlutfallslega lítilli innritun nemenda á efri stigum framhaldsskóla með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, samanborið við innfædda jafnaldrar, sem og af herra hlutfalli brotthvarfs meðal þeirra. Nefndin lýsir einnig áhyggjum yfir frásögnum af því að þjónusta við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og foreldra þeirra sé mjög breytileg milli skóla og að slík börn í skyldunámi standi sig mun verr en innfæddir jafnaldrar þeirra (13. gr.).

51. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið byggi á fyrirliggjandi stöðum menntastefnunnar til ársins 2030 og innleiði alhliða nálgun til að bæta námsárangur meðal nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Þessi nálgun ætti m.a. að felast í því að þróa hnitmiðaðar stefnur til að auka hlutfall innritunar og minnka hlutfall þeirra sem falla frá námi, staðla stuðningsþjónustu milli skóla, innleiða snemmbært mat á tungumálagetu og sérhæfðan stuðning, efla lestrarkunnáttu með sértækum inngrípum, auka stuðning við nám og þjálfun í tiltekinni starfshæfni og tryggja að kennarar hafi viðunandi þjálfun til að koma til móts við fjölbreyttar menntunarþarfir þessara nemenda

52. Nefndi lýsir áhyggjum yfir:

(a) Þeim takmörkuðu menntunarmöguleikum sem eru í boði fyrir fatlaða nemendur, einkum þá sem eru með vitsmunalega skerðingu, eftir að þeir ljúka efri stigum framhaldsskóla,

(b) frásögnum af einelti í skólum gagnvart lesbíum, hommum, tvíkynhneigðum, trans og intersex nemendum (13. gr.).

53. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið:

(a) Auki viðleitni til að tryggja jafnan aðgang að framhaldsmenntun fyrir fatlaða nemendur eftir að þeir ljúka efra stigi framhaldsskóla,

(b) haldi áfram að koma í veg fyrir og taka á einelti í skólum með því að innleiða núllþolsstefnu og veita viðunandi verndar- og stuðningsráðstafanir fyrir nemendur sem verða fyrir einelti, einkum lesbíur, homma, tvíkynhneigða, trans og intersex nemendur.

D. Önnur tilmæli

54. Nefndin mælist til þess að aðildarríkið ihugi að fullgilda þá grunnmannréttindasamninga sem það er ekki enn orðið aðili að, nefnilega alþjóðasamninginn um vernd allra manna gegn mannhvörfum af mannavöldum, sem var undirritaður 2008; alþjóðasamninginn um verndun réttinda allra farandlaunþega og fjölskyldumeðlima þeirra; valfrjálsu bókunina við samninginn um réttindi barnsins um sjálfstæða kæruleið; og valfrjálsu bókunina við samninginn um réttindi fatlaðs fólks, sem var undirrituð 2007.

55. Nefndin mælist einnig til þess að aðildarríkið taki fullt tillit til skuldbindinga sinna samkvæmt samningnum og tryggi að fólk fái að fullu notið þeirra réttinda, sem felast í honum, við framkvæmd áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030, þ.m.t. í bataferlinu í kjölfar COVID-19-heimsfaraldursins. Það myndi greiða umtalsvert fyrir því að ná heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun ef aðildarríkið kæmi á fót sjálfstæðu fyrirkomulagi til að fylgjast með framförum og meðhöndla þá sem njóta góðs af opinberum áætlunum sem rétthafa sem geta krafist réttar síns. Enn fremur mælist nefndin til þess að aðildarríkið styðji við samanlagðar skuldbindingar áratugs aðgerða til að ná fram heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun. Framkvæmd markmiðanna á grundvelli meginreglnanna um þátttöku, ábyrgð og bann við mismunun myndi tryggja að enginn yrði út undan. Í tengslum við þetta vekur nefndi athygli aðildarríkisins á yfirlýsingu þess um loforðið um að skilja engan eftir.⁸

56. Nefndin fer þess á leit að aðildarríkið dreifi þessum lokaathugasemdum sem víðast á öllum stigum þjóðfélagsins, þ.m.t. á landsvísu og í sveitarfélögum, einkum meðal þingmanna, opinberra embættismanna og dómsmálayfirvalda og að það upplýsi nefndina í næstu reglubundinni skýrslu sinni um þau skref sem hafa verið tekin til að koma tilmælunum í framkvæmd. Nefndin leggur áherslu á það úrslitahlutverk sem Alþingi hefur við framkvæmd tilmælanna í þessum lokaathugasemdum og hvetur aðildarríkið til að tryggja aðkomu þess í skýrslugjöf og eftirfylgniferlum í framtíðinni. Nefndin hvetur aðildarríkið til að halda áfram að eiga samskipti við frjáls félagasamtök og aðra meðlimi borgaralega samfélagsins við eftirfylgni við þessar lokaathugasemdir og í samráðsferlinu á landsstiginu áður en næsta reglubundna skýrsla verður lögð fram.

57. Í samræmi við ferlið fyrir eftirfylgni við lokaathugasemdir sem nefndin samþykkir er þess óskað að aðildarríkið leggi fram, innan 24 mánaða frá því að þessar lokaathugasemdir eru samþykktar (31. október 2026), upplýsingar um framkvæmd tilmælanna í a-lið 9. mgr. (um viðskipti og mannréttindi), 31. mgr. (um rétt til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða) og 45. mgr. (um réttinn til viðunandi húsnæðis) hér að framan.

58. Nefndin fer þess á leit að aðildarríkið leggi fram 6. reglubundnu skýrslu sína í samræmi við 16. gr. samningsins fyrir 31. október 2029, nema tilkynning berist um annað vegna breytinga á endurskoðunarlotunni. Í samræmi við ályktun Allsherjarþingsins 68/268 er orðatakmörkunin fyrir skýrsluna 21.200 orð. Því til viðbótar býður hún aðildarríkinu að uppfæra almennt kjarnaskjal sitt í samræmi við samræmdu leiðbeiningarnar um skýrslugjöf samkvæmt alþjóðlegum mannréttindasamningum.⁹

⁸ E/C.12/2019/1.

⁹ HRI/GEN/2/6. endursk., I. kafli.